



## Fundargerð

**492. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps  
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,  
mánudaginn 15. maí 2023, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Hrafn Karlsson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

#### 1. 2305006 - Ársreikningar Skaftárhrepps 2022 - síðari umræða

Friðrik Einarsson, endurskoðandi gerði grein fyrir ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árið 2022.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða ársreikning fyrir árið 2022. Reikningurinn var síðan undirritaður.

Eftirfarandi bókun var framlögð:

*Ársreikningur Skaftárhrepps er settur fram samkvæmt reiknisskilum sveitarfélaga og samanstendur af A-hluta og B-hluta. Í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem eru fjármagnaðar að hluta eða öllu leyti með skattkjum. Til A-hluta teljast Aðalsjóður og Eignarsjóður. Í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar, stofuanir og fyrirtæki sem eru fjárhagslega sjálfstæð en rekstur þeirra er að mestu fjármagnaður með þjónustutekjum. Til B-hluta teljast svo sem, Skaftárljós, fráveita, leiguibúðir og félagslegar íbúðir. Nokkur utan að komandi atriði svo sem launahækkanir, meiri kostnaður við framkvæmdir við Klausturveg 4, setja mark sitt á rekstrarniðurstöðu samstæðu Skaftárhrepps. Áhrifanna gætir fyrst og fremst í fjármagnsliðum samstæðunnar sem voru neikvæðir um 31.923.000 á árinu 2022.*

*Rekstrarniðurstæða samstæðu Skaftárhrepps fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 31.996.000 krónur. Rekstrartekjur voru 960.759.000 krónur og rekstrargjöld 928.763.000 krónur. Rekstrarniðurstæða samstæðunnar eftir afskriftir og fjármagnsliði var neikvæð um 31.624.000 krónur. Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri samstæðunnar um 25.658.000 krónur og handbært fé frá rekstri (neikvætt) um 742.000 krónur. Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 29.677.000 krónur og fjármögnumarhreyfingar sem voru jákvæðar um 60.044.000 krónur. Afborganir langtímalána námu um 19.889.000 krónur, en ný lán voru 80.000.000 krónur. Handbært fé samstæðunnar hækkaði um 29.625.000 krónur á árinu 2022, handbært fé var í árslok 92.633.000. Það eru mikil vonbrigði, hve mikið kostnaður við rekstur og viðhaldsframkvæmdir sveitarfélagsins fóru langt fram úr þeim áætlunum sem gerðar voru á fyrra ári. Fyrir því eru þó margar ástæður. Launahækkanir og griðarlegur, ófyrirséður kostnaður vegna vinnu KPMG við endurskoðun á rekstri og*

BHS

JG  
AK  
GBS



áætlanagerð, sem og kostnaður vegna málaferla. Vanefnda á framlögum vegna verkefna og mikill kostnaðarauki vegna framkvæmda sem sveitarfélagið fór í sem ekki var gert ráð fyrir í viðaukum fjárhagsáætlunar ársins.

Jafnframt eru það vonbrigði að framlög Jöfnunarsjóðs vegna skólastarfs lækkuðu á milli ára, þrátt fyrir aukinn kostnað við akstur og laun. Það er því ljóst að það er mikil áskorun framundan við að halda rekstri og fjárfestingum sveitarfélagsins innan fjárhagsáætlana á árinu 2023 en eins og engin hefur farið varhluta af er íslenskt samfélag að ganga i gegnum eitt mesta samdráttarskeið í manna minnum vegna hækkandi vaxta og verðbólgu með tilheyrandí óvissu um tekjur og gjöld sveitarfélagsins.

Íbúafjöldi sveitarfélagsins í árslok 2022 var 681  
Ársreikningurinn í heild sinni verður birtur á heimasiðu Skaftárhrepps.

## 2. 2302055 - Refaveiðar

Sveitarstjóri gerði grein fyrir umsóknum vegna grenjavinnslu. Umsóknir bárust frá átta(8) einstaklingum í öll svæði nema svæði 1, Álfavier.

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi úthlutun vegna grenjavinnslu, sumarsins 2023:

Svæði 2: Pálmar Atli Jóhannesson að hálfu og Sæmundur Oddsteinsson að hálfu.

Svæði 3: Ragnar Smári Rúnarsson og Viðar Björgvinsson

Svæði 4: Jón Hilmar Jónasson, Ytra-Hraun, Eystra-Hraun, Arnardrangur og Fossar.

Pálmi H. Harðarson þau landsvæði sem eftir eru á svæði 4.

Svæði 5: Kristinn Pálason, afmarkast af Þverárvatni og Fossálum að vestan og Hverfisfljóti að austan. Páll Símon Oddsteinsson, þau landsvæði sem eftir eru á svæði 5.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir jafnframt að semja við Þormar Ellert Jóhannsson, um svæði eitt(1) sunnan Skálmar.

Sveitarstjórn samþykkir enn fremur að samið verði eingögnu um sumarið 2023, sveitarstjórn hvetur þá veiðimenn sem fengið hafa úthlutað svæðum að vinna saman að grenja leit og eyðingu grenja.

Sveitarstjóra er falið að ganga frá samningum við veiðimenn.

## 3. 2305014 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Erindi, dagsett, 9. maí 2023, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Harðar Eyþórssonar. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Kárssstaðir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

### Fundargerðir til samþykktar

#### 4. 2305001F - Skipulagsnefnd - 184

##### 4.1 1903016 - Eintúnaháls - stofnun lóðar

##### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 184

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.



4.2 2211020 - Tunga - Umsókn um skipulagsmál - breyting á deiliskipulagi

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 184**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Tungu verði auglýst. Málsmeðferð verði skv. 1. mgr.

43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 með fyrirvara um samþykki landeiganda þess efnis að aðkoma að svæðinu liggi að litlu leyti um heimreið að bústöðum við Hæðargarð 1-5.

*Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.*

4.3 2302026 - Svæðisskipulag Suðurhálendis - tillaga til kynningar

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 184**

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að Svæðisskipulag Suðurhálendis verði samþykkt til auglýsingar skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.*

**Fundargerðir til kynningar**

5. **2305004 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands**

Lögð fram fundargerð 227. fundar nefndarinnar, frá 4. maí 2023.

*Lagt fram til kynningar.*

6. **2305003 - Félags- og skólapjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.**

Lögð fram fundargerð 72. fundar stjórnar, frá 2. maí 2023.

*Lagt fram til kynningar.*

7. **2305002 - Svæðisskipulag Suðurhálendis**

Lögð fram fundargerð 25. fundar, nefndar um svæðisskipulag Suðurhálendisins ásamt fylgigönum, frá 5. maí 2023.

*Lagt fram til kynningar.*

**Mál til kynningar**

8. **2305008 - Stjórnsýsluskoðun 2022**

Lögð fram skýrsla KPMG vegna stjórnsýsluskoðunar Skaftárhrepps 2022.

*Lagt fram til kynningar.*

9. **2305007 - Endurskoðunarskýrsla 2022**

Lögð fram Endurskoðunarskýrsla vegna 2022.

*Lagt fram til kynningar.*

10. **2305005 - Vinir íslenskrar náttúru**

Lagt fram bréf dagsett 14. apríl 2023, vegna skipulags skógræktar-ábyrgð sveitarstjórnar.

*Lagt fram til kynningar.*

11. **2305001 - Global Geoparks network**

*Mr. BHS  
J.G.  
GPS JH*



Lagt fram bréf, dagsett, 20. apríl 2023 vegna starfsemi, Köllu UNESCO Global Geopark.

*Lagt fram til kynningar.*

**12. 2305013 - Söngfélag Skaftfellinga**

Lagt fram bréf ódagsett, þar sem þakkað er fyrir veittan styrk.

*Lagt fram til kynningar.*

**Önnur mál**

Afgreitt á milli funda.

**13. 2305012 - Lóðamál**

Afgreitt á milli funda, framlagt að nýju.

*Sveitarstjórn staðfesti framlagt með rafrænum hætti. Gögn málsins verða ekki birt vegna viðskiptahagsmunu.*

Afgreitt á milli funda.

**14. 2305011 - Opnun tilboða í vöruskemmu**

Afgreitt á milli funda, framlagt að nýju.

*Sveitarstjórn staðfesti framlagt með rafrænum hætti. Gögn málsins verða ekki birt vegna viðskiptahagsmunu.*

Afgreitt á milli funda.

**15. 2305010 - Opnun tilboða í gámahusi**

Afgreitt á milli funda, framlagt að nýju.

*Sveitarstjórn staðfesti framlagt með rafrænum hætti. Gögn málsins verða ekki birt vegna viðskiptahagsmunu.*

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 14.23.

Jóhannes Gissurarson  
Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason  
Björn Helgi Snorrason

Gunnar P. Sigmarsen  
Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Guðbjörnsdóttir  
Auður Guðbjörnsdóttir

Jón Hrafn Karlsson  
Jón Hrafn Karlsson